



Skáksamband Íslands

Ársreikningur 2020

Skáksamband Íslands
Kt. 580269-5409
Pósthólf 8354
128 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forseta	3
Skýrsla óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar með ársreikningi	9

Skýrsla og áritun stjórnar og forseta

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Hagnaður ársins nam 4.744.845 kr. Heildareignir 31. desember 2020 námu 66.806.720 kr. og eigið fé á sama tíma var jákvætt um 53.874.210 kr.

Hagnaður ársins er færður til hækunar á eigin fé félagsins samanber skýringar með ársreikningi. Fasteignamat fasteignar er óbreytt frá fyrra ári og þar af leiðandi er engin endurmatshækkun færð á eigið fé á árinu 2020.

Einn starfsmaður starfaði hjá Sambandinu á árinu 2020 eins og árið áður. Stjórn þáði ekki greiðslur fyrir störf sín.

Áhrif Covid-19 faraldursins á Sambandið voru umtalsverð á árinu 2020 og aðallega á þá leið að starfsemin var minni en ella hefði verið og viðburðum var frestað til síðari tíma eða þeir felldir niður. Áhrif þessa á rekstur og efnahag ársins 2020 eru þau helst að fyrirfram innheimtar tekjur sem færðar eru til skuldar nema í árslok 12 millj. króna samanborið við 0 kr. í árslok 2019. Þetta helgast af því að Sambandið fékk á árinu 2020 greidda styrki vegna viðburða sem munu fara fram síðar en áætlað var.

Stjórn og forseti Skáksambands Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. maí 2021

Stjórn

Gunnar Björnsson

Kristófer Gautason

Ewa Órn Hjaltason

Stefán Steinarinn Bergsson

Þóskinn Stefánsson

Jóhanna B. Jóhannsdóttir

Skotmar menn:

Altaf þúeir Márinn Vagnin

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og forseta Skáksambands Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skáksambands Íslands („sambandsins“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forseta á ársreikningnum

Stjórn og forseti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forseta að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forseti skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sambandið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 25. maí 2021

KA Endurskoðun sf.



Rekstrarreikningur

	Skýr.	2020	2019
Tekjur:			
Styrkir, mótsgjöld, aðildargjöld og aðrar tekjur	4	33.619.886	64.511.592
Vaxtatekjur		13.881	14.388
		<u>33.633.767</u>	<u>64.525.980</u>
Gjöld:			
Kostnaður við keppismót	5	9.061.039	41.711.621
Laun og launatengd gjöld	3	12.272.142	12.383.753
Rekstur húsnæðis	6	2.913.981	2.829.486
Annar rekstrarkostnaður	7	4.160.880	8.425.927
Afskriftir	8	149.903	249.838
Vaxtagjöld, bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur		330.977	976.843
		<u>28.888.922</u>	<u>66.577.468</u>
Hagnaður (tap) ársins	9	<u>4.744.845</u>	<u>(2.051.488)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Rekstrarfjármunir			
Fasteign		57.250.000	57.250.000
Áhöld og tæki		599.612	749.515
	8	<u>57.849.612</u>	<u>57.999.515</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		397.593	1.317.000
Vörubirgðir		189.562	304.460
Fyrirfram greiddur kostnaður		184.849	557.182
Handbært fé	2	8.185.104	67.785
		<u>8.957.108</u>	<u>2.246.427</u>
Eignir samtals		<u>66.806.720</u>	<u>60.245.942</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Uppsafnaður hagnaður og endurmat fasteignar		53.874.210	49.129.365
	10	<u>53.874.210</u>	<u>49.129.365</u>
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttarlán	12	0	7.025.294
Viðskiptaskuldir		356.393	2.727.483
Fyrirfram innheimtar tekjur	9	12.083.143	0
Aðrar skammtímaskuldir		492.974	1.363.800
		<u>12.932.510</u>	<u>11.116.577</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>66.806.720</u>	<u>60.245.942</u>
Eignir og skuldir utan efnahagsreiknings	13		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Afkma ársins	9	4.744.845	(2.051.488)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		149.903	249.838
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		10.247.865	1.707.411
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>15.142.613</u>	<u>(94.239)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Yfirdráttarlán, breyting		<u>(7.025.294)</u>	<u>129.730</u>
		<u>(7.025.294)</u>	<u>129.730</u>
 Breyting handbærs fjár á árinu		8.117.319	35.491
Handbært fé í ársbyrjun		67.785	32.294
Handbært fé í árslok		<u>8.185.104</u>	<u>67.785</u>

Skýringar með ársreikningi

Starfsemi

1. Skáksamband Íslands er landsamband íslenskra skákfélaga. Samkvæmt lögum félagsins eru markmið þess:
 - I. Að vera samtakaheild og yfirstjórn allra skákfélaga á Íslandi.
 - II. Að efla íslenska skáklist og standa vörð um hagsmni íslenskra skákmanna innan lands og utan.
 - III. Að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis.
 - IV. Að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annara þjóða.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningur Skáksambands Íslands fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur að því undanskyldu að fasteign sambandsins er ekki afskrifuð með kerfisbundnum hætti.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreglu og er gerður í íslenskum krónum.

Tekjur eru færðar þegar skilyrði fyrir framlögum eru uppfyllt og þjónusta hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Allur kostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, óháð greiðslu.

Áhöld og tæki eru færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Fasteign er endurmetin árlega í samræmi við fasteignamat. Fasteign er ekki afskrifuð.

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Starfsmannamál

3. Einn starfsmaður vann hjá sambandinu á árinu 2020, laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	9.319.907	8.873.979
Launatengd gjöld	2.952.235	3.509.774
	<u>12.272.142</u>	<u>12.383.753</u>

Skýringar með ársreikningi

Tekjur og gjöld vegna starfsemi sambandsins

4-5. Tekjur og gjöld vegna starfsemi Skásambandsins greinast þannig:

Innlent	2020		2019	
	Tekjur	Gjöld	Niðurstaða	Niðurstaða
Reykjavíkurskák mótið	(24.987)	91.937	(116.924)	(3.760.929)
Ýmis Íslandsmót	1.201.000	2.690.960	(1.489.960)	(1.565.656)
Íslandsmót unglinga	1.147.000	826.709	320.291	15.969
Ólympíuskák	330.000	202.022	127.978	1.484.247
Netmót	284.278	366.001	(81.723)	0
Skák í skóla	0	861.346	(861.346)	1.194.295
Aðalfundur	0	256.571	(256.571)	0
Íslandsmót skákfélaga	0	118.333	(118.333)	648.393
Önnur verkefni	0	114.898	(114.898)	(1)
Innlent samtals	2.937.291	5.528.777	(2.591.486)	(1.983.681)

Erlent	2020		2019	
	Tekjur	Gjöld	Niðurstaða	Niðurstaða
Landsliðsverkefni	391.830	988.072	(596.242)	(3.665.903)
HM/EM ungmenna	(110.789)	313.349	(424.138)	(1.235.817)
Ýmis norðurlandamót	515.500	1.216.730	(701.230)	(1.078.115)
Kvennalandsliðið	0	832.208	(832.208)	(1.235.817)
Erlent skáksamstarf	0	0	0	(246.875)
Önnur landsliðsverkefni	46.768	181.903	(135.135)	(774.312)
Erlent samtals	843.309	3.532.262	(2.688.953)	(8.236.839)

Aðrar tekjur

	2020	2019
Rekstrartekjur af fjárlögum	26.100.000	25.600.000
Styrkur frá Reykjavíkurborg í formi niðurfellingar fasteignagjalda	1.046.125	969.625
Aðildargjöld	320.001	1.487.594
Húsaleigutekjur	900.000	1.050.000
Þjónustusamningur - Skákskólinn	720.000	660.000
Aðrar tekjur	753.160	2.317.455
	29.839.286	32.084.674

Skýringar með ársreikningi

Húsnæðiskostnaður

6. Rekstrarkostnaður húsnæðis greinist þannig:

	2020	2019
Fasteignagjöld og lóðarleiga	1.046.125	969.625
Rekstur sameignar	471.729	653.065
Ræsting	868.698	476.720
Viðhald á fasteign	28.850	191.051
Fráveitugjald	135.570	186.884
Vátryggingar	174.039	166.876
Húsaleiga	40.000	99.200
Rafmagn	148.970	86.065
	<u>2.913.981</u>	<u>2.829.486</u>

Annar rekstrarkostnaður

7. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2020	2019
Endurskoðun og reikningsskil	1.457.053	1.986.668
Rekstur tölvukerfis	788.835	967.338
Skák.is heimasíða og fréttabréf	769.065	720.000
Erlent skáksamstarf	429.039	649.124
Sími og burðargjöld	220.290	513.630
Gjafir og styrkir	136.200	1.369.395
Rekstur skrifstofutækja	104.534	79.755
Pappír, prentun og ritföng	69.986	94.581
Tímarit	49.900	0
Ferðakostnaður	35.950	371.988
Funda og viðskiptakostnaður	26.115	173.975
Akstur	22.188	143.830
Annar kostnaður	51.725	558.423
Aðkeypt þjónusta	0	628.800
Risna	0	168.420
	<u>4.160.880</u>	<u>8.425.927</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Staða í ársbyrjun.....	57.250.000	749.515	57.999.515
Afskrifað á árinu.....		(149.903)	(149.903)
Staða í árslok.....	<u>57.250.000</u>	<u>599.612</u>	<u>57.849.612</u>

Fasteign sambandsins er ekki afskrifuð heldur er hún færð miðað við fasteignamat í lok árs. Endurmatsbreyting ársins er færð beint á eigð fé. Fasteignamat eignarinnar er óbreytt frá fyrra ári. Áhöld og tæki eru afskrifuð árlega um 25% af bókfærðu verði.

Skýringar með ársreikningi

Fyrirfram innheimtar tekjur

9. Fyrirfram innheimtar tekjur eru sundurliðaðar hér að neðan. Um er að ræða styrki vegna verkefna sem verða innt af hendi á árinu 2021.

Sigtryggssjóður.....	4.000.000
Skák í skóla.....	2.274.146
Skákbúðir.....	1.600.000
EM einstaklinga/Reykjavíkurskák mótið.....	4.208.997
	<u>12.083.143</u>

Eigið fé

10. Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

Eigið fé í byrjun árs.....	49.129.365
Rekstrarafgangur ársins.....	4.744.845
Eigið fé í lok árs.....	<u>53.874.210</u>

Skattamál

11. Félagið er almennt félag og stundar ekki atvinnurekstur. Það er því undanþegið tekjuskatti. Félagið greiðir fjármagnstekjuskatt af eignatekjum.

Skuldbindingar

12. Á fasteign félagsins hvílir tryggingarbréf til tryggingar á yfirdráttarláni sem í lok árs 2020 er ekki nýttur.

Styrktarsjóður Skáksambandsins

13. Seint á árinu 2020 var stofnaður sérstakur styrktarsjóður Skáksambandsins. Honum er ætlað að styrkja skákmenn til að sækja skákmót erlendis og góð verkefni innanlands með sérstakri áherslu á æskulýðs-, kvenna- og landsbyggaðarstarf. Árleg áskriftargjöld Skáksambandsins renna alfarið í styrktarsjóðinn. Í bókhaldi Skáksambandsins er rekstur og efnahagur styrktarsjóðsins sérgerindur og haldið utan efnahags sambandsins í ársreikningi.

Rekstur og efnahagur sjóðsins greinist þannig á árinu 2020:

Rekstur:

Styrkir til sjóðsins	810.000
Vaxtatekjur	29
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur	(818)
Rekstrarafgangur	<u>809.211</u>

Efnahagur í árslok 2020:

Bankainnstæða	<u>809.211</u>
Eigið fé	<u>809.211</u>

Skýringar með ársreikningi

Aðildarfélög Skáksambands Íslands

14. Aðildarfélög Skáksambandsins eru þessi:

Kátu biskuparnir
Skáksamband Breiðabliks, Bolungarvíkur og Reykjaness
Skákdeild Fjölnis
Skákdeild Hauka
Skákdeild KR
Skákfélag Akureyrar
Skákfélag eldri borgara (Æsir)
Skákfélag Íslands
Skákfélag Siglufjarðar
Skákfélag Sauðárkróks
Skákfélag Selfoss og nágrennis
Skákfélagið Huginn
Skákfélagið Ósk
Skákgengið
Skáksamband Austurlands
Taflfélag Blönduóss
Taflfélag Garðabæjar
Taflfélag Kópavogs
Taflfélag Reykjavíkur
Taflfélag Snæfellsbæjar
Taflfélag Vestmannaeyja
Vinaskákfélagið
Víkingaklúbburinn
Hrókar alls fagnaðar